

30

30. apríl

## IV. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

## 12. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins nr. 33, 1. febr. 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1936.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

31

5. maí

### Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 4. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Áshrepps verði fluttur frá Hofi í Vatnsdal í samkomuhúsið í Ásbrekku, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

32

6. maí

### Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra ad mandatum 6. maí 1936.

Skipulagsskráin er þannig:

#### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókasafnssjóð Högna Þorsteinssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um nemanda héraðsskólans á Reykjum í Hrutafirði vetur 1934—1935, Högna Þorsteinsson frá Bessastöðum í Ytri-